



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Hækkun á fjárheimildum vegna samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)*

Lagt er til að fjármagn til NPA-samninga verið aukið um 135 m.kr. á árinu 2022 til að mæta hækkun vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.

Greinargerð:

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 19. mars 2019. Reglurnar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og gilda til 31. desember 2022. Í reglunum er gert ráð fyrir að innleiðing NPA eigi sér stað á tímabilinu 2019-2022 og að fjöldi samninga sem gerðir verði á innleiðingartímabilinu miðist við það fjárframlag sem ríkissjóður ráðstafar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga.

Betri vinnutími í vaktavinnu

Nú eru 29 NPA-samningar í gildi hjá Reykjavíkurborg. Í töflu 2 má sjá kostnaðarmat á hækkun taxta jafnaðarstundar við þá samninga. Áætluð kostnaðaraukning vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu á árinu 2022 er rúmar 150 m.kr.

Tafla 2:

	Endurskoðuð áætlun B	Áætlun 2022 mv. hækkun jafnaðarstundar	Áætlaður kostnaður við fjölgun samninga og kjarabætur (í ramma)	Heildarfjármagns-þörf 2022	Viðbótarfjármagns-þörf 2022
Heildarkostnaður	1.126.332.517	1.320.769.644	341.857.855	1.662.627.499	194.437.127
Framlag ríkis	286.083.129	330.192.411*	85.464.463	415.656.874	44.109.282
Kostnaður RVÍK	840.249.388	990.577.233	256.393.392	1.246.970.625	150.327.845

Gangi áætlun eftir verður fjölgað um 7 samninga á árinu 2022 og verða þeir þá alls 36. Í áætlun ársins 2022 var gert ráð fyrir 7,8% hækkun á kjarasamningum, fjárheimild nemur 256 m.kr. (nettó) og verður færð í ramma sviðsins með viðauka.

Óskað er eftir 135 m.kr. á árinu 2022 vegna NPA til að mæta hækkunum vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu. Velferðarsvið mun nýta 15 m.kr. fjárheimild sem hefur verið veitt nú þegar vegna kjarasamningshækkana.

Fylgiskjöl:

Kjarasamningur milli NPA miðstöðvarinnar og Eflingar stéttarfélags, 2022.

Jafnaðartaxtar NPA samninga frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022.

Jafnréttisskimun dags. 20. mars 2022.